

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. desember 2010

Tilvísun: UST20101100124/kg

### Umsögn- frumvarp til laga um skeldýrarækt, 201. mál (þskj. 218)

Með tölvubréfi, dags. 22. nóvember 2010 frumvarp til laga um skeldýrarækt 201. mál sent Umhverfisstofnun til umsagnar.

Umhverfisstofnun bendir á að skeldýrarækt er starfsemi sem getur haft í för með sér margvísleg umhverfisáhrif. Við skeldýrarækt er meðal annars þéttleiki skeldýra aukinn staðbundið og það getur til dæmis haft áhrif á fjölbreytni lífvera og útlit nálægra fjara og ótvírætt er að línur og kerfi línulagna hafa áhrif á næsta umhverfi. Kræklingaræktendur velja staðsetningu fyrir kræklingalínurnar þar sem nægt framboð er af næringarefnum og þar sem dýrin gefa einnig frá sér skít er því um sömu mengun að ræða og um væri að ræða beina fóðrun.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að þessi starfsemi, eins og allt eldi sjávar- og ferksvatnslíffvera, er starfsleyfis skyld skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Það kemur ekki fram í frumvarpinu og leggur Umhverfisstofnun til að horft verði til uppbyggingar í lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, s.s. varðandi samspil rekstrarleyfis og starfsleyfis (sjá t.d. 8. gr. laganna). Stofnunin telur notkun hugtaksins ræktun í stað eldis engu breyta í þessu sambandi og væri skýrara ef notast væri við sömu hugtökin.

Samkvæmt 7. gr. er Matvælastofnun heimilt að gefa út tímabundin tilraunaleyfi til skeldýraræktar, til þess að kanna hvort svæðið hentar til slíkrar ræktunar. Umhverfisstofnun telur að umfangsmeiri tilraunaverkefni verði að hafa starfsleyfi þó að um tímabundna starfsemi sé að ræða.

Í nokkrum tilvikum í frumvarpinu (t.d. í 5., 6., 7. og 9. gr.) eru ákvæði um að leitað skuli umsagna nokkurra stofnana. Umhverfisstofnun telur að í þessum tilvikum þurfi einnig að tryggja að almenningur geti komið sínum sjónarmiðum að áður en ákvörðun er tekin eins og við á, og vísar stofnunin m.a. til ákvæða Árósasamningsins þar að lútandi, en ríkisstjórnin hefur ákveðið að gerast fullur aðili að honum.

Að lokum bendir Umhverfisstofnun á að við framkvæmd laganna þarf að gæta samræmis við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í

vatnamálum, 2000/60/EB, en frumvarp um stjórn vatnamála (þskj. 344) sem er samið til innleiðingar á tilskipuninni hefur verið lagt fram á Alþingi. Við afgreiðslu frumvarpsins þarf sérstaklega að skoða hvort þörf sé á að samræma frumvarp um skeldýrarækt við afgreiðslu þess máls. Er þar einkum átt við áætlanir um umfang skeldýraræktar sem minnst er á í almennum athugasemdum.

Tillögur að breytingum á einstökum greinum:

7. gr.

Á eftir orðunum: „Siglingastofnunar Íslands“ í 2. mgr. komi: „Umhverfisstofnunar“  
Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að leitað verði umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort starfsemin er starfsleyfisskyld skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 en það ræðst af umfangi starfseminnar. Með slíkri umsögn er það mat lagt í hendur Umhverfisstofnunar.


Einnig leggur stofnunin til að við 4. ml. 3. mgr. bætist orðin: „og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir ef við á.“


9. gr.

Á eftir orðunum: „Siglingastofnunar Íslands“ í 3. mgr. komi: „Umhverfisstofnunar“

Einnig leggur stofnunin til að við lokaml. 4. mgr. bætist orðin: „og starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir ef við á.“

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Kristján Geirsson  
Deildarstjóri

Afrit: Umhverfisnefnd Alþingis